

Alþingi
Erindi nr. P 141/1853
komudagur 4.3.2013

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2013

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011 (samstarf við Háskóla Íslands), þingskjal 996 - 583. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Háskóla Íslands framangreint frumvarp til umsagnar og fylgja hér með athugasemdir við það.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hafa Þjóðminjasafn Íslands og Háskóli Íslands átt margháttað samstarf í gegnum langa sögu þessara stofnana. Í september 2012 ákvað mennta- og menningarmálaráðherra, að höfðu samráði við þjóðminjavörð og háskólarektor, að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig efla mætti til framtíðar faglegt samstarf háskólans og safnsins. Tillaga nefndarinnar er sú breyting á lögum um Þjóðminjasafn Íslands sem kemur fram í frumvarpstexta.

Háskóli Íslands styður efnisbreytingarnar sem til eru lagðar í frumvarpinu, en leggur til eftirfarandi tvær breytingar á texta frumvarpsins:

- 1) Lagt er til að fyrstu og annarri málsgrein 2. gr. frumvarpsins (3. gr. laganna) verði víxlað og 2. gr. frumvarpsins verði því svohljóðandi:

“Samstarf Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa.

Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum.

Safninu er heimilt að veita öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í gagnkvæmum þjónustusamningum við einstaka háskóla.”

Rökin eru þau að engin ein stofnun stendur Þjóðminjasafninu nær en Háskóli Íslands er kemur að því að rækja það meginhlutverk safnsins að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar. Háskóli Íslands telur að vegna hins sérstaka, margþætta og nauðsynlega samstarfs sem Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands hafa átt með sér í áratugi og fjölbreytni fræða háskólans, sé sönnu nær að málsgreinum í 2. gr. frumvarpsins sem lagt er til að bætist við 3. gr. laganna verði ráðað upp með öðrum hætti. Þannig verði fyrstu og annarri málsgrein 2. gr. frumvarpsins (3. gr. laganna) víxlað.

- 2) Lagt er til að texta 6. mgr. í athugasemdum við lagafrumvarpið verði breytt þannig að í stað orðanna „innan vébanda Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands” komi orðin “við Háskóla Íslands”. Málsgreinin í heild orðist þannig:

“Þá er stefnt að því að koma upp sérstakri þverfaglegri rannsóknastofnun við Háskóla Íslands um málefni safna, með aðild fræðimanna úr ýmsum greinum við skólann og fulltrúum þriggja höfuðsafna íslensku þjóðarinnar, auk fulltrúa annarra safna.”

Rökin eru þau að engin ákvörðun hefur verið tekin af hálfu háskólans um form og staðsetningu slíkrar stofnunar innan skólans. Ýmsir möguleikar og útfærslur koma til greina við háskólann til að rækja og rækta rannsóknasamstarf um málefni safna. Staðsetning innan vébanda Hugvísindastofnunar er einungis ein af nokkrum mögulegum útfærslum sem til skoðunar eru, en að svo stöddu hefur engin ákvörðun verið tekin. Háskólinn mun vinna að mótun framtíðarfyrirkomulags þessa í þágu allra þeirra fræðigreina sem hlut eiga að máli og höfuðsafna þjóðarinnar.

Með frumvarpinu er rennt styrkum stoðum undir samstarf Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands. Stofnanirnar hafa frá árinu 2006 átt með sér formlegan samstarfssamning þar sem markmiðið er og hefur verið að efla fræðilega og verklega menntun nemenda á þeim fræðasviðum sem samningurinn tekur til; auka rannsóknir og kynningu á menningararfi þjóðarinnar og tryggja að gæði rannsóknastarfs hjá báðum stofnunum séu sambærileg við það sem best gerist. Hlutverk Háskóla Íslands er að bera faglega ábyrgð á kennslu, námsefni, efnistöfum og prófum og sjá til þess að starfsfólk sem annast kennslu og rannsóknir á vegum háskólans uppfylli akademískar kröfur. Hlutverk Þjóðminjasafnsins er að vera vettvangur fyrir verklegt nám háskólanema og rannsóknir, leggja til aðstöðu til kennslu og rannsókna, eiga aðild að kennslu á sérsviði þess og stuðla að því að kennslan leiði til þess að safnastarf og varðveisla þjóðminja í landinu eflist. Samningurinn tekur til samstarfs á fræðasviðum sem iðkuð eru á Þjóðminjasafni Íslands, annars vegar um kennslu og samnýtingu á rannsóknarstofum s.s. í fornleifafræði, þjóðfræði, safnafræði, listfræði, hagnýtri menningarmiðlun, forvörslu og sagnfræði – og hins vegar lýtur samstarfið að meðleiðbeiningu nemenda í ýmsum greinum eftir atvikum og aðgang þeirra að sérfræðingum safnsins og frumgögnum sem safnið ber ábyrgð á skv. þjóðminjalögum. Samstarfsfletir eru fjölbreyttir og geta með einum eða öðrum hætti snert öll fræðasvið og deildir háskólans, þ.e. Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Virðingarfyllst,

f.h. Háskóla Íslands,

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu

Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs

**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. febrúar 2013

Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um Þjóðminjasafn Íslands, mál 583.

Fyrir hönd námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði lýsi ég sérstakri ánægju með framkomið frumvarp til breytinga á lögum um Þjóðminjasafnið. Sem höfuðsafn á sviði menningarminja hefur Þjóðminjasafnið ríkum skyldum að gegna við rannsóknir á menningararfri á Íslandi. Það er vel til þess fallið að styrkja safnið í þessu rannsóknarhlutverki að skilgreina það sem háskólastofnun, lögfesta sérstakar rannsóknarstöður við safnið og tengja akademíska starfsmenn þess með beinum hætti við rannsóknir og kennslu við Háskóla Íslands.

Þessi formlega tenging mun jafnframt efla rannsóknir og kennslu við Háskóla Íslands. Einkum skapar tengingin sóknarfæri í þeim greinum sem tengjast rannsóknarsviðum Þjóðminjasafnsins og rannsaka hluti og heimildir sem þar er að finna. Í greinargerð með frumvarpinu eru ýmsar greinar við HÍ nefndar á nafn, en þær þrjár fræðigreinar sem tengjast minjasöfnum nánustum böndum eru fornleifafræði, þjóðfræði og safnafræði. Þessar þrjár greinar eru eiginlegar safnagreinar, saga þeirra er bæði hér á landi og erlendis samtvinnuð sögu minjasafna, rannsóknarefni þeirra eru m.a. menningarminjarnar sem minjasöfnin eru smíðuð í kringum og fólk sem lýkur námi í þessum greinum vinnur gjarnan á minjasöfnum.

Af þessum þremur safnagreinum eru tvær á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands (báðar í þessari námsbraut), en ein á Hugvísindasviði. Auk þeirra má auðvitað nefna fjölmargar aðrar fræðigreinar sem hafa snertifleti við starf Þjóðminjasafnsins, s.s. mannfræði og kynjafræði (á Félagsvísindasviði), listfræði og sagnfræði (á Hugvísindasviði), kennslufræði og uppeldis- og menntunarfræði (á Menntavísindasviði) og ferðamálafræði og landfræði (á Náttúruvísindasviði), sem og þverfaglegt starfsnám á borð við opinbera stjórnsýslu (á Félagsvísindasviði) og hagnýta menningarmiðlun (á Hugvísindasviði).

Því er þetta nefnt hér að í þessu annars þarfa og góða frumvarpi er til nokkurrar óþurftar sú athugasemd í greinargerðinni að stefnt skuli að því sérstaklega að „koma upp sérstakri þverfaglegri rannsóknarstofnun um málefni safna innan vébanda Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, með aðild fræðimanna úr ýmsum greinum við skólann og fulltrúum þriggja höfuðsafna íslensku þjóðarinnar auk fulltrúa annarra safna.“ Með því að tilgreina Hugvísindastofnun sérstaklega er lagt til að Þjóðminjasafnið tengist sérstaklega einu sviði háskólans fremur en öðrum (því Hugvísindastofnun heyrir undir Hugvísindasvið), en svo vill til að á þessu sviði er ein af þremur safnagreinum við HÍ, en hinar tvær eru á öðru sviði og standa alfarið utan Hugvísindastofnunar.

Nær væri að Þjóðminjasafnið tengdist þverfaglegri rannsóknarstofnun um málefni safna sem þegar er starfrækt innan vébanda Háskóla Íslands, þ.e.a.s. Rannsóknarsetri í safnafræðum. Sú stofnun er starfrækt innan Félagsvísindastofnunar, en stjórn hennar skipa fulltrúar eftirfarandi aðila: Safnaráðs, Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS), Félags íslenskra safnafræðinga, Námsbrautar í safnafræðum við University College London, Námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands og Félagsvísindastofnunar. Má nefna að Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður er á meðal núverandi fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Í sjálfu sér er sjálfstætt úrlausnarefni fyrir Háskóla Íslands og Þjóðminjasafnið að ráða fram úr því hvernig þessum málum verður hagað, hvort Rannsóknarsetri í safnafræðum verði fengið sérstakt hlutverk í tengslum við nánara samstarf þessara tveggja háskólastofnana, eða hvort stofnuð verði önnur þverfagleg rannsóknarstofnun um málefni safna innan HÍ sem gæti þá gengið þvert á svið háskólans. Á þessu verður vafalaust fundin góð lausn sem verður rannsóknum á safnamálum og í safnagreinum til framdráttar þannig að ólíkar fræðigreinar geti lagt saman krafta sína á hvaða sviði háskólans sem þær starfa. Tilfni þessarar umsagnar er hins vegar að það gæti þvælst fyrir slíkri lausn ef að í greinargerð með lögum er sérstaklega búið að eyrnamerkja slíka rannsóknarstofnun Hugvísindasviði og Hugvísindastofnun. Það er heppilegra að Háskólinn leysi þetta í samvinnu við Þjóðminjasafnið en að Alþingi hlutist til um útfærsluna í smáatriðum.

Þess vegna gerir námsbraut í þjóðfræði og safnafræði að tillögu sinni að allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis geri aðra hvora eftirfarandi breytingu á greinargerðinni með frumvarpinu til breytingar á lögum um Þjóðminjasafnið:

a) felli brott eftirfarandi málsgrein með húð og hári:

„Þá er stefnt að því að koma upp sérstakri þverfaglegri rannsóknastofnun um málefni safna innan vébanda Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, með aðild fræðimanna úr ýmsum greinum við skólann og fulltrúum þriggja höfuðsafna íslensku þjóðarinnar auk fulltrúa annarra safna.“

eða

b) felli brott orðin „innan vébanda Hugvísindastofnunar“ úr sömu málsgrein.

Virðingarfyllst,

Dr. Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði

fyrir hönd
Námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði
við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1773
komudagur 26.2.2013

Reykjavík, 25. febrúar 2013

Efni: Þingskjal 996 — 583. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þjóðminjasafn Íslands, nr. 140/2011 (samstarf við Háskóla Íslands).

Íslensk málnefnd hefur fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þjóðminjasafn Íslands sem lagt var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013. Nefndin leggur til að við 2. gr. bætist:

„Þjóðminjasafnið skal setja sér málstefnu.“

Skýring við tillöguna:

Megintilgangur þessa frumvarps er að tengja Þjóðminjasafn og Háskóla Íslands. Þegar farið verður að meta birt verk sérfræðinga á Þjóðminjasafni eftir matskerfi opinberra háskóla, eins og stefnt virðist að, þá er hættu á að birtingum á íslensku fækki, enda er nær ómögulegt að fá birtingar á íslensku metnar í tveimur hæstu flokkunum í því matskerfi sem notast er við.

Íslensk málnefnd telur því mikilvægt að safnið setji sér málstefnu til að tryggja að rannsóknum sérfræðinga á safninu verði áfram miðlað á íslensku jafnframt öðrum málum.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran
formaður

*Mennta- og
menningarmálaráðuneytið*

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Mennta- og menningarmálaráðherra**
Sendandi: **Skrifstofa vísinda og háskóla; lögfræðisvið**
Dagsetning: **13.02.2013**
Málsnúmer: **MMR13010071**
Bréfalykill: **3.24**

Efni: Skilgreining á hugtakinu „háskólastofnun“ í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Þjóðminjasafn Íslands, nr. 140/2011

Við framlagningu á 583. þingmáli á 141. löggjafarþingi, frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Þjóðminjasafn Íslands, nr. 140/2011, hafa vaknað spurningar hjá þingmönnum um þýðingu þess sem þar er lagt til, þ.e. að Þjóðminjasafnið verði skilgreint sem „háskólastofnun“.

Hugtakið háskóli er lögverndað heiti fyrir sjálfstæða menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Heitið háskóli mega þær menntastofnanir einar bera sem hlotið hafa viðurkenningu á tilteknum fræðasviðum rannsókna og kennslu skv. 3. gr. laga um háskóla, nr. nr. 63/2006. Sjálfstæði háskóla felur m.a. í sér rétt þeirra til að skipuleggja starfsemi sína í einstökum rekstrareiningum, þ.m.t. undirstofnunum, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 63/2006 og 2. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Heimildir opinberra háskóla til að skipuleggja starfsemi sína er settar nokkuð þrengri skorður en einkareknum háskólum. Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2008 kemur fram að opinberum háskólum er heimilt að skipuleggja starfsemi sína með rekstri háskólastofnana sem heyra ýmist undir háskólaráð eða fræðasvið/deildir. Dæmi um háskólastofnun sem heyrir undir háskóladeild er Raunvísindastofnun Háskóla Íslands sem heyrir undir Raunvísindadeild Háskóla Íslands, sbr. reglur nr. 685/2011. Dæmi um háskólastofnun sem heyrir undir háskólaráð er Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, sbr. reglur nr. 844/2001. Að auki eru dæmi um að háskólastofnanir séu settar á fót með sérstökum lögum. Dæmi um það eru Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sbr. lög nr. 67/1990 og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sbr. lög nr. 40/2006. Í lögum um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum kemur fram í 1. gr. að hún sé háskólastofnun sem tengist læknadeild og hafi sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Með sambærilegum hætti segir í 1. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að hún sé háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag sem heyrir undir ráðherra og hafi nán tengsl við Háskóla Íslands og sé hluti af fræðasamfélagi hans. Sameiginlegt er með þessum tveimur stofnunum að þeim er ætlað að stunda rannsóknir á fræðasviðum sem heyra undir Háskóla Íslands og hafa samstarf um þær við Háskóla Íslands.

Með þingmáli 583 er að því stefnt að Þjóðminjasafn Íslands fái sambærilega stöðu gagnvart Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, þ.e. að sú rannsóknastarfsemi sem ástunduð er hjá Þjóðminjasafni geti nýst í samstarfi við Háskóla Íslands og aðra viðurkennda háskóla til eflingar á þekkingu innan fræðasamfélagsins. Slíkt samstarf kemur samstarfsháskólunum til góða m.a. á þann hátt að sameiginlegar rannsóknir með Þjóðminjasafni Íslands verði teknar til greina við mat á rannsóknarstarfsemi hlutaðeigandi háskóla.

Alþingi
Erindi nr. P 141/1824
komudagur 1.3.2013

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

28. febrúar 2013

Athugasemd vegna frumvarps til laga um Þjóðminjasafn Íslands, mál 583.

Undirritaður fagnar því skrefi sem tekið er með frumvarpinu, en í athugasemdum með því kemur fram að stefnt sé að því að „koma upp sérstakri þverfaglegri rannsóknarstofnun um málefni safna innan vébanda Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, með aðild fræðimanna úr ýmsum greinum við skólann og fulltrúum þriggja höfuðsafna íslensku þjóðarinnar auk fulltrúa annarra safna.“

Til upplýsingar vill undirritaður benda á að í ársbyrjun 2010 var stofnað **Rannsóknarsetur í safnafræðum** sem hefur eftirfarandi að markmiði: „Rannsóknasetur í safnafræðum (RSS) er rannsóknastofnun sem er starfrækt innan Félagsvísindastofnunar. Að rannsóknastofnuninni standa námsbraut í safnafræðum og samstarfsaðilar af vettvangi. Stofnunin heyrir undir Félagsvísindastofnun samkvæmt 3. tölulið 4. mgr. 27. reglna nr. 458/2000 um Háskóla Íslands. Rannsóknasetrinu er ætlað að vera víðtækur vettvangur þverfaglegra rannsókna á sviði safnafræða og leggur jafnframt áherslu á fræðilegt sjálfstæði í þeim verkefnum sem það tekur sér fyrir hendur.“ Í stjórn setursins sitja sitja sjö fulltrúar sem skipaðir eru af eftirfarandi aðilum: Námsbraut í safnafræðum við Háskóla Íslands, Félagi íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS), Safnaráði, Félagi íslenskra safnafræðinga, námsbraut í safnafræðum við University College London, og loks situr fulltrúi frá Félagsvísindastofnunni í stjórn.

Lög setursins eru meðfylgjandi þessu bréfi, en þar er hlutverkum þess lýst. Athygli er vakin á eftirfarandi hlutverkum setursins: „sinna rannsóknum á sviði safnafræða“ og „hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn í safnafræðum og efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf.“ En safnafræði er þverfagleg grein sem byggir á félags-, hug- og náttúruvísindum.

Ein megin röksemdin fyrir stofnun RSS á sínum tíma var að efla sjálfstæðar rannsóknir á safnasviði, en með eflingu sviðsins (sem sést meðal annars á setningu laga Alþingis (Safnalög, lög um höfuðsöfn, osfr.)), er brún þörf á áreiðanlegum upplýsingum og þekkingu er lúta að þessum mikilvægu samfélagslegu, menningarlegu og ferðaþjónustulegu stofnunum. Vegna þessa skýtur skökku við að í athugasemdum með frumvarpinu skuli stefnt að því að stofna eigi þverfaglega stofnun, þegar slík stofnun er nú þegar til innan vébanda Háskóla Íslands. Af þeim sökum er lagt til að málsgreinin sé felld út í heild sinni eða, til vara, að felld séu út orðin að slík stofnun sé „innan vébanda Hugvísindastofnunar.“

Með þessu bréfi er hvatt til þess að með breytingum á lögum um Þjóðminjasafn Íslands sjái málsaðilar til þess að það starf sem nú þegar er til staðar sé styrkt, en ekki grafið undan því.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, PhD
Dósent og framkvæmdastjóri RSS, safnafrædi.hi.is

RANNSÓKNASETUR Í SAFNAFRÆÐUM

1. gr. Almennt

Rannsóknasetur í safnafræðum (RSS) er rannsóknastofnun sem er starfrækt innan Félagsvísindastofnunar. Að rannsóknastofnuninni standa námsbraut í safnafræðum og samstarfsaðilar af vettvangi. Stofnunin heyrir undir Félagsvísindastofnun samkvæmt 3. tölulið 4. mgr. 27. reglna nr. 458/2000 um Háskóla Íslands. Rannsóknasetrinu er ætlað að vera víðtækur vettvangur þverfaglegra rannsókna á sviði safnafræða og leggur jafnframt áherslu á fræðilegt sjálfstæði í þeim verkefnum sem það tekur sér fyrir hendur.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk RSS er að auka og efla rannsóknir í safnafræðum með því að:

- a) eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum á sviði safnafræða.
- b) sinna rannsóknartengdum þjónustuverkefnum á sviði safnafræða.
- c) efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði safnafræða.
- d) hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn í safnafræðum og efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf.
- e) veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa og veita nemum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum setursins eftir því sem unnt er.
- f) kynna niðurstöður rannsókna, m.a. með útgáfu fræðigreina, gangast fyrir faglegum námskeiðum, fyrirlesturum og ráðstefnum á sviði safnafræða.
- g) vera ráðgefandi á sviði safnafræða, hvort sem það er til hagsmunaaðila, stofnana, fyrirtæki eða annarra
- h) stuðla að útgáfu fræðilegra verka á sviði safnafræða.

3. gr. Aðstaða

Félagsvísindastofnun mun láta RSS í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

4. gr. Stjórn

Stjórn RS er skipuð sjö einstaklingum til tveggja ára í senn. Námsbraut í safnafræðum tilnefnir tvo í stjórn og skal annar þeirra vera formaður. Félag íslenskra safna og safnmanna

(FÍSOS) og Safnaráð skipa hvor sinn fulltrúa og einn er tilnefndur af Félagi íslenskra safnafræðinga. Námsbraut í safnafræðum við University College London, tilnefnir jafnframt einn fulltrúa í stjórn. Framkvæmdastjóri Félagsvísindastofnunar er jafnframt í stjórn. Þriggja manna framkvæmdanefnd hefur umsjón með daglegum rekstri í umboði stjórnar. Í henni er formaður stjórnar RS, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar og fulltrúi tilnefndur af stjórn. Formaður stjórnar RS er jafnframt framkvæmdastjóri setursins.

5. gr. Stjórnarfundir

Stjórnarfundir skulu haldnir einu sinni á ári, en oftast ef stjórnarmaður óskar þess. Að auki skal aðalfundur haldinn í september, að jafnaði þriðja föstudag þess mánaðar. Forstöðumaður boðar stjórnarfundir bréflaga eða í tölvupósti með þriggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal greina frá dagskrá fundar. Halda skal gerðarbók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Aðild að aðalfundum eiga, auk stjórnar, allir samningsbundnir samstarfsaðilar, fjárstyrktaraðilar, kennarar í safnafræði og aðrir velunnarar setursins.

6. gr. Verkefni stjórnar

Stjórnin tekur stefnumarkandi ákvarðanir fyrir setrið. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi þess. Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum setursins gagnvart Félagsvísindastofnun og sviðsstjóra félagsvísindasviðs. Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða aðra starfsmenn, eftir því sem ástæður og efni gefa til. Stjórn getur skipað fagráð sér til ráðuneytis samkvæmt nánari vinnureglum.

7. gr. Verkefni framkvæmdanefndar

Framkvæmdanefnd heldur mánaðarlega fundi og sér um starfsemi setursins í samræmi við stefnumörkun stjórnar. Hlutverk hennar er að framfylgja stefnumörkun og ákvörðunum um RSS og vera framkvæmdastjóra til styrktar. Framkvæmdastjóri undirbýr stjórnarfundir og vinnur að fjáröflun stofnunarinnar. Hann fylgir eftir verkefna- og rannsóknatengdum störfum stofnunarinnar í nánu samstarfi við framkvæmdanefnd.

8. gr. Fjármál

RSS hefur sjálfstætt fjárhald en reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Fjárhagsáætlanir og uppgjör skulu kynnt sviðsstjóra félagsvísindasviðs, forstöðumanni Félagsvísindastofnunar og fjárstyrktar- og samstarfsaðilum sbr. 5. gr.

Samþykkt á stjórnarfundum Félagsvísindastofnunar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands þann 7. janúar 2011.

22. febrúar 2013

Til nefndasviðs Alþingis.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir Þjóðminjasafni Íslands til umsagnar frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands, 583. mál.

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0996.html>

Fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands er lýst yfir ánægju með frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands, 583. mál. Undirrituð telur að um sé að ræða verðugt skref til framfara fyrir Þjóðminjasafn Íslands og Háskóla Íslands. Fer vel á því á 150 ára afmæli Þjóðminjasafnsins.

Af því má ráða að ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður / General Director
Þjóðminjasafn Íslands/ The National Museum of Iceland
Suðurgata 43, 101 Reykjavík.
Sími / Tel. (+354) 5302200, (+354)354 8612200
<http://www.thjodminjasafn.is>